

VIÐAUKI B

Ferðaskýrsla til Coast Center Base AS, Ágotnes. 10.06.08.

Skýrsla



Staður: **Coast Center Base AS, Ågotnes. 10.06.08.**

Til Staðar:

Knut M. Landro, Marketing Manager
Gunnar Takle Pedersen, Seksjonsleder Bygg
Kristinn Pétursson, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Húsavík
Haukur Stefánsson, íslenska sendiráðið, Osló

Fyrst vildi ég nota tækifærið og hrósa CCB fyrir mjög góðar móttökur og einkar fróðlegan fund.

Fyrir fundinn hafði CCB móttekið fjölmargar spurningar frá Almennu verkfræðiskrifstofunni og Línuhönnun.
CCB mun svara spurningunum skriflega og fóru því þeir ekki yfir spurningarnar á fundinum.

Knut M. Landro fór stuttlega yfir sögu CCB og kynnti starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið var stofnað fyrir 35 árum og var því ætlað að þjónusta Statsfjord olíusvæðinu. Síðan þá hefur olíusvæðunum fjölgað til muna og fyrirtækið vaxið ört. Því var spáð um 1990 að

Statsfjord svæðið myndi aðeins endast til ársins 2010 en nú er því spáð að það muni endast til a.m.k. 2030. Nú þjónar stöðin í Ågotnes einnig svæðum eins og Gullfaks, Veslefrikk, Troll, Huldra og Kvitebjørn.

Nú stendur fyrir dyrum hjá fyrirtækinu að byggja þjónustustöð við Kirkenes í N-Noregi. Þessari stöð er ætlað að þjóna fyrirtækjum sem koma til með að vinna á Sthockman svæðinu innan rússneskrar lögsögu, en þar liggja væntanlega einar stærstu gasauðlindir jarðarinnar. CCB býst þó ekki við því að ná neinum hagnaði út úr þeirri stöð á næsta áratug. CCB leggur áherslu á að vera viðloðandi starfið á þessum stað frá upphafi og eiga gott samstarf við Rússana. Einnig mun CCB fá til liðs við sig aðila frá Kirkenes til þess að leggja fram fjármagn og þekkingu í stöðina.



Fjögur höfðsvið fyrirtækisins eru svohljóðandi:

Supply base

Subsea Center

Maintenance Center

Terminal dock

CCB hefur einnig nýverið aðstoðað Færeyinga við byggingu þjónustustöðvar þar í landi. Landro benti þar á að það hefði skapað vandræði hve langan tíma það tók Færeyingana að ná samstöðu um staðsetningu fyrir þjónustustöðina. Einnig sagði hann að í færeisku stöðinni hafi vinna aðeins staðið yfir í nokkra mánuði á ári, þar sem stöðin er eingöngu í notkun þegar leit fer fram. Færeingar hefðu í raun átt að semja um að leit fara fram allt árið, svo starfsemi stöðvarinnar myndi ekki fara út í vertíðarvinnu. Landro taldi að Færeingar hefðu vanmetið stöðu sína í samningarviðræðum við olíufyrirtæki um leit í færeyskri lögsögu.

Landro og Pedersen leggja mikla áherslu á þann þátt, að þegar CCB fer út í opnun nýrra þjónustustöðva að þeir einnig fái inn fjármagn og þekkingu frá staðarfólki.

Við þjónustustöð CCB rétt fyrir utan Bergen er höfnin allt að 50 metra djúp. Þeirra starfsemi í Ågotnes krefst a.m.k. 21. metra dýpi. Til að þjónusta leitarborun á Íslandi þyrfti væntanlega 10-10,5 metra djúpa höfn.

Miklar kröfur eru gerðar til öryggis og eftirlits við stöðina og notast þeir við Lloyds og Veritas fara yfir og samþykkja viðhald borpalla.

CCB á hlut í mörgum fyrirtækjum en sjálft fyrirtækið er í eigu Norseas AS og Bernhard Larsen Holding. Olúfyrirtækin í Noregi eru venjulega ekki eigendur í þjónustustöðvunum.

Bátar sem sjá um að flytja tæki og vistir til borpallana eru einn stærsti útgjaldaliður fyrirtækisins en slíkir bátar kosta um 120.000 dollara á dag.

Þörf er á “approved ISPS harbour areas” hjá CCB í Ågotnes en að sjálfsgöðu er þar einnig stór hefðbundin höfn.

LNG þykir í síauknum mæli spennandi kostur fyrir fyrirtækið, þar sem verð á eldsneyti fer hækkandi og loftslagskvótar verða einnig stöðugt dýrari.

Á svæði fyrirtækisins í Ågotnes vinna um 2000 manns en aðeins 160 hjá CCB sjálfu. Fyrirtækið býður öðrum sérhæfðari fyrirtækjum velkomin á sitt svæði og gerir við þau rammSAMninga um þjónustu og vinnu. Landro segir mikla samkeppni ríkja milli þjónustustöðva og aðila sem á þeim starfa. Nú sé það svo að yfirdrifið nóg er að verkefnum fyrir þjónustustöðvarnar í Noregi. Þrátt fyrir að starfsmenn CCB séu einungis 160 er velta fyrirtækisins 460 milljónir norskra króna.

Mikil rannsóknarvinna fer fram á svæðinu og hefur CCB samning við norska ríkið um að það leggi til sömu upphæð og fyrirtækið sjálft við rannsóknir tengda Subsea. Einnig mun háskólinn í Bergen brátt opna útibú á lóð CCB þar sem m.a. verður boðið upp á M.A. nám í fræðum tengdum starfsemi.

Öryggisgæsla er mjög ströng á svæðinu og er fólk þjálfað til að hlaupa inn í mismunandi störf ef aðstæður kalla á slíkt. DNV hefur umsjón með öryggisþættinum á svæði CCB.



Landro útskýrir hvað þarf til, til þess að opna þjónustustöð sem ætlað væri að þjónusta leitarborun:

Skrifstofum fyrir allt að 5 manns
Vöruskemmu 300-500 m² – helst upphitaða
Útipláss 1000-1500 m²

Bryggju um 60 metra langa, 10-10,5 metra djúpa
Hreyfanlegan krana
Gaffaltrukk 15 tonna
Tanka fyrir sement, bárít og bentónít, e.t.v. upphitaða
Aðstöðu/tanka til að blanda efni

Svokallaðir standby bátar þurfa alltaf að vera til taks ef rýma þarf borpall skyndilega.

200 mílur frá olíusvæði að landi er talið langt en vel geranlegt

Í þessum efnum er mikið sem hægt er að læra mikið af færeyingum.

Fyrirtækið sem ætti og ræki stöðina sjálfa ætti einnig að eiga og reka tanka sem til þarf. Ef olíuleitarfyrirtæki eiga þessa tanka sjálf mun mikið pláss fara til spillis og nýtingin verður slæleg.

Landro og Pedersen giska á að kostnaður við að koma upp slíkri stöð sé á bilinu 25-30 milljónir norskra króna.

Landro leggur mikla áherslu á að þjónustustöðin liggi nálægð byggð með góðum innri viðum, s.s. skólum og sjúkrahúsi. Þó skal gætt að því að slík stöð geti skapað óþægindi, t.d. með hávaða og umferð, fyrir þá er búa mjög nálægt stöðinni.

Við sneyddum hádegisverð með forstjóra fyrirækisins, Kurt R. Andreassen og nefndi hann, líkt og Landro og Pedersen að CCB hefði áhuga á að taka þátt í þessu verkefni á Íslandi.

Varðandi spurningarnar sem þeim voru sendar, skulu þeir reyna að svara eftir fremsta megni á næstu dögum en bentu okkur á að hafa samband við Rieber Shipping í Bergen varðandi seismic exploration. Maður þar, að nafni Rong gæti án efa komið til aðstoðar.

CCB á ekki né rekur þyrlur og á því erfitt með að svara þeim spurningum. Þeir bentu okkur á að hafa samband við olíufélögin, en þau reka þyrlurnar.



Að hverju er mikilvægast fyrir Íslendinga að huga, áður er farið væri út í byggingu þjónustusvæðis?:

1. Finna staðsetningu sem samhugur er um.
2. Mikilvægt er að velja stað með góðri höfn og góðum “infrastrúktúr” s.s. skólum og sjúkrahúsi.
3. Skoða heildarmyndina. Reyna að fá svör við hvað muni gerast, finnast olía. T.d. mun olían og gasið verða flutt á land, hverjir eru vaxtarmöguleikar stöðvarinnar og hvert yrði hennar hlutverk í framtíðinni.

Að auki sagði Landro það mikilvægt að kynna sér til hlítar ISPS kröfurnar áður en farið væri út í byggingu þjónustustöðvar.

Haukur Stefánsson
Íslenska Sendiráðið, Osló

